

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 855 (8.2.2018) - Málstefna Dalvíkurbyggðar skv. sveitarstjórnarlögum, skipun vinnuhóps.

Málsnúmer : 201802007

Málsaðili : Dalvíkurbyggð

Niðurstaða (stutt) : Samþykkt

Fundardagur : 08.02.2018

Inngangur : Samkvæmt 130. gr sveitarstjórnarlaga, XIV. kafla. þá segir eftirfarandi um Málstefnu:
"Sveitarstjórn mótar sveitarfélaginu málstefnu í samráði við Íslenska málnefnd og eftir atvikum málnefnd um íslenskt táknmál. Þar skal koma fram að öll gögn liggja fyrir á íslensku svo sem kostur er og gerð grein fyrir heimilum undantekningum á þeirri reglu. Þar skulu settar reglur um notkun íslensks táknmáls og íslensks punktaleturs í gögnum og starfsemi sveitarfélagsins. Enn fremur skal koma fram hvaða gögn liggja að jafnaði fyrir í erlendum málbúningi og hvaða tungumál þar er um að ræða. Þá skal þar setja reglur um rétt íbúa af erlendum uppruna til samskipta við stofnanir sveitarfélagsins á annarri tungu en íslensku.
Mál það sem er notað í starfsemi sveitarfélags eða á vegum þess skal vera vandað, einfalt og skýrt. "

Til umræðu skipun vinnuhóps við gerð málstefnu fyrir Dalvíkurbyggð.

Niðurstaða : Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum að óska eftir tilnefningum í 3 manna vinnuhóp sem hér segir:
1 frá grunnskóla
1 frá leikskóla
1 frá félagsmálasviði